

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra FAS

Tillaga um að grunnlaun borgarfulltrúa hækki ekki í takt við þróun launavísitölu

Vísað er til tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands, dags. 16. apríl 2020, um að grunnlaun borgarfulltrúa hækki ekki í takt við þróun launavísitölu. Tillagan er eftirfarandi:

„Lagt er til að grunnlaun borgarfulltrúa og 1. varaborgarfulltrúa taki ekki hækkunum í takt við þróun launavísitölu líkt og þau hafa gert. Grunnlaunin miða við þróun launavísitölu frá marsmánuði 2013 og uppfærast í janúar og júlí ár hvert. Á meðan að covid-19 faraldurinn gengur yfir og samfélagið tekst á við efnahagslegar afleiðingar þess er mikilvægt að hinir betur launuðu í ráðandi stéttum sýni ábyrgð í verki. Fyrsta skrefið í þá átt er að tryggja að laun borgarfulltrúa taki ekki hækkunum á komandi mánuðum. Þá er mikilvægt að ef þessi ákvörðunin verði endurskoðuð síðar, að hún leiði ekki til afturvirkra launahækkana.“

Laun borgarfulltrúa voru þar til á árinu 2016 tengd þingfararkaupi. Í kjölfar úrskurðar kjararáðs nr. 2016.3.001 sem leiddi til hækkunar á þingfararkaup um rúmlega 44% ákvað borgarstjórn á fundi sínum þann 15. nóvember 2016 að beina því til forsætisnefndar að ákveða að tímabundið taki laun borgarfulltrúa og launagreiðslur annarra kjörinna fulltrúa sem taka mið af þingfararkaupi ekki breytingu þrátt fyrir úrskurðinn. Borgarstjórn samþykkti síðan á fundi sínum þann 4. apríl 2017 tillögu forsætisnefndar um breytta skipan launamála kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg með eftirfarandi greinargerð:

„Tillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir því að tenging við þingfararkaup verði afnumin og þess í stað verði tekin upp tenging við launavísitölu til þess að endurspegla betur almenna launabróun þannig að gætt verði samræmis við rammisamkomulag aðila vinnumarkaðarins.“

Eftir breytinguna hefur heildarlaunakostnaður borgarfulltrúa og þóknanir annarra kjörinna fulltrúa sjálfkrafa tekið breytingum til samræmis við launavísitölu án aðkomu kjörinna fulltrúa. Grunnlaunin miða við þróun launavísitölu frá marsmánuði 2013 og uppfærast í janúar og júlí ár hvert.

Grunnlaun kjörinna borgarfulltrúa nema nú kr. 948.481 á mánuði. Þegar laun borgarfulltrúa voru tengd þingfararkaup námu þau 78,82% þeirra. Væri tenging við þingfararkaup óbreytt m.v. fyrri tíma væru laun borgarfulltrúa 11,8% hærri en þau eru nú.

Til frekari glöggvunar hefur verið gerður eftirfarandi samanburður á þróun launa skv. almennri launavísitölu, sem er beitt við launabreytingar kjörinna fulltrúa borgarinnar, og þróun launa á opinberum markaði bæði hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga skv. mælingum Hagstofu Íslands:



Meðalvísitölur	2019	2020	2021	2022*
Launavísitala	688,5	732,0	792,7	849,1
Opinberir starfsmenn - alls	100,9	108,0	121,3	129,8
Opinberir starfsmenn - ríkisstarfsmenn	100,8	107,1	118,7	126,4
Opinberir starfsmenn - sveitarfélaga	101,0	109,0	124,4	133,8

* Sex málingar

Hækkun milli ára	2020	2021	2022*	Uppsafnað
Launavísitala	6,3%	8,3%	7,1%	23,3%
Opinberir starfsmenn - alls	7,0%	12,3%	7,0%	28,6%
Opinberir starfsmenn - ríkisstarfsmenn	6,3%	10,8%	6,5%	25,4%
Opinberir starfsmenn - sveitarfélaga	7,9%	14,1%	7,6%	32,5%

* Sex málingar

Samanburðurinn leiðir í ljós að meiri hækkun hefur orðið á launum opinberra starfsmanna en á almennum markaði frá árinu 2019 sem hér er tekið til viðmiðunar.

Virðingarfyllt,
Halldóra Káradóttir
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Skrifstofa sviðsstjóra